

Samtök sjúklinga og launþegahreyfingarinnar segja baráttuna rétt að byrja

Ríkisstjórnin stendur við niðurskurð á Landspítala

„Það stendur ekki til að endurskoða fjárveitingar til spítalans“, sagði Davíð Oddsson, forsætisráðherra, eftir fund með nýu samtökum starfsmanna og sjúklinga varðandi niðurskurð hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Á fundinum var honum afhent áskorun frá fundi samtakanna í Austurbæ á dögum, um að endurskoða fjárveitingar til spítalans, þar sem segir að með aðgerðum stjórnvalda sé verið að rjúfa þjóðarsátt um gott heilbrigðiskerfi og afleiðingarnar geti orðið mjög alvarlegar.

„Við teljum það mjög ofmælt,“ sagði Davíð.

„Við lýstum því hér yfir að Landspítalinn yrði áfram í fremstu röð spítala. Við skiljum vel að samtök þeirra sem þurfa á spítalanum að halda standi í ístaðinu og fylgi sín-

um málum fram. Það gerðu þau mjög myndarlega hérna áðan, en það stendur ekki til að endurskoða fjárveitingar til spítalans.“

„Þetta er bara rétt að byrja,“ sagði Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálp, eftir fundinn.

„Það kom fram að ríkisstjórnin ætlar ekki að gefa sig í þessu, og það er engin stefnubreyting inni í myndinni af hálfu hennar. Nú munu þessi samtök sem stóðu að ályktuninni meta stöðuna upp á



Sigursteinn Másson
Bardttan er rétt hafin.



Áskorun afhent Forsætisráðherra segir ekki standa til að endurskoða fjárveitingar til Landspítalans.

nýtt. Við höfum aðeins rætt næstu skref, og erum öll sammála um að þetta er ekki búid. Þetta er bara að byrja.“

Að fundinum í Austurbæ stóðu Geðhjálp, Landssamband eldri borgara, Landssamtök hjartasjúkra, Umhyggja, Öryrkjabandalag Ís-

lands, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Læknafélag Íslands.